

Endurskoðun og bókhald

FÖSTUDAGUR 4. OKTÓBER 2019

Kynningar: Múlalundur, Quarter bókhaldsþjónusta, Uniconta Ísland



Sigurður segir nýju plastlausu Egla-möppurnar enn umhverfisvænni kost en eldri möppurnar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Nýjar enn umhverfisvænni Egla-möppur án plasts

Múlalundur vinnustofa SÍBS í Mosfellsbæ býður nú upp á nýja gerð Egla-mappa. Hefðbundnar Egla-möppur hafa haldið utan um gögn einstaklinga og fyrirtækja á Íslandi í áratugi við góðan orðstír, og eru líklega vinsælustu bókhaldsmöppur á Íslandi. Nýju möppurnar eru plastlausar og henta því vel til endurvinnslu eftir að notkunartíma þeirra lýkur. ➔2

Framhald af forsiðu →

Egla-möppurnar eru mikilvægur þáttur í starfsemi Múlalundar, vinnustofu SÍBS, sem veitir um 80 manns með skerta starfsorku vinnu árlega.

Nýju möppurnar enn umhverfisvænni og án plasts

Nýju Egla-möppurnar eru eingöngu úr pappa og pappír, auk járnins og er pappírskápa límdu utan á endurunninn pappa. Þær eru því án plasts og henta vel til endurvinnslu í lok notkunar. „Nýju möppurnar eru sérstyrktar, járnin eru þau sömu og áður, og við vonumst til þess að þær endist jafn vel og hefðbundnar Egla-möppur. Það er þó klárt að þær þola t.d. bleytu síður en gömlu möppurnar, sem yfirleitt er ekki vandamál. Pappírinn í möppunum er evrópskur, vottaður pappír. Þær eru því enn umhverfisvænni kostur en eldri gerðin,“ segir Sigurður Viktor Úlfarsson, framkvæmdastjóri Múlalundar.

Mikil ending fyrir umhverfið

Hefðbundin Egla-mappa er samsett úr sterkri plastkáu sem límdu er utan á endurunnid pappaspjald og hún síðan járnud. Það þýðir að við lok notkunartíma möppunnar þarf að flokka möppuna sem almennt sorp. Það jákvæða er að Egla-möppur eru mjög stærkar og endingargóðar. „Fjöldmörg fyrirtæki og einkaaðilar nýta sömu möppurnar aftur og aftur, ár eftir ár. Við teljum að þessi langa ending geri þær mjög umhverfisvænar þegar allt er talið. Plastið sem notað er í möppurnar er evrópskt plast sem tryggir að öll íblöndunarefni eru skráð og þekkt,“ segir Sigurður.

Tvær stærðir og tveir litir til að byrja með

Til að byrja með verður boðið upp á nýju möppurnar í fjórum útfærslum, svörtum og hvítum, með 5 cm eða 8 cm breiðum kili. „Svartir og hvítir litir passa við alla aðra liti á skrifstofunni og hafa lengi verið vinsælustu litirnir meðal viðskiptavina Egla. Um áramótin stefnum við á að bæta a.m.k. bláum við,“ segir Sigurður. „Verðið verður lítið eitt hærra á nýju möppunum sem orsakast af hærra innkaupsverði.“ Hefðbundnar Egla-möppur eru í boði í nokkrum stærðum í 8 litum.

Límdir kjölmiðar

Til að losna alveg við plastið á nýju möppunum er kjölmiðunum ekki rennt ofan í plastvasa á kilinum, heldur eru þeir límdir á möppuna. Hægt verður að fá aukamiða sem límdir eru yfir þá gömlu eða þeim eldri skipt út fyrir nýja.

Vilji fyrirtæki framleiða eigin kjölmiða til að líma, þá getur Múlalundur séð um það fyrir viðskiptavini.

Þá verður á næstu mánuðum í fyrsta skiptið hægt að fá Egla-möppur án kjölmiða og þá annaðhvort láta lettra upplýsingar eða merki á kjölinn eða hafa hann alveg auðan. „Sumum viðskiptavinum finnst það flottara og nútímalegra, og þá bjóðum við að sjálfsgöðu upp á þann möguleika,“ segir Sigurður Viktor.

Múlalundur býður áfram upp á aukakjölmíða bæði á nýju og eldri gerðirnar, til að renna í plastvasana eða líma á nýju möppurnar. Þeir skapa enn meiri vinnu á Múlalundi.

Áletrun eða fleiri göt

Óski viðskiptavinar eftir því er margt í boði þegar laga þarf Egla-möppur að sérþörfum viðskiptavina. Stöðluðu möppurnar eru tveggja gata en óski viðskiptavinar eftir því eru í boði bæði þriggja og fjögurra gata Egla-möppur.

Múlalundur býður einnig upp á að lettra fyrirtækjamerki og upp-



Nýju Egla-möppurnar eru úr pappa og pappír og því plastlausar



Vörurnar skapa störf fyrir fólk með skerta starfsorku.

íblöndunarefni eru þekkt. Plastið er einnig vottað til notkunar í leikfangafraðleiðslu þar sem gert er ráð fyrir að börn stingi því upp í sig. „Til að fá slíka vottun í Evrópu þarf hreinleikinn að vera mjög mikill,“ segir Sigurður.

„Glæra plastið sem við notum í plastvasa, gatapoka og möppur á Múlalundi er 100% endurunnid plast sem annars hefði endað í ruslinu. Annað plast er að stórum hluta, á bilinu 40-60%, endurunnid. Með þessu minnkum við umhverfissporið verulega.

Með því að framleiða gæðavöru sem endist um árabíl, úr endurunnunni hráefni, teljum við okkur vera að leggja töluvert af mörkum til betri heims. Við það bætist svo að vörurnar skapa störf fyrir fjölda fólks með skerta starfsorku og hafa þannig enn meiri jákvæð samfélagsleg áhrif.“

Vefverslunin vinsæl

Á heimasíðunni mulalundur.is, er rekin stór vefverslun. „Þar geta viðskiptavinir valið úr glæsilegu úrvali og bæði verð og úrval kemur flestum á óvart. Það er einfalt að versla á netinu og við sendum vörurnar strax daginn eftir,“ útskýrir Sigurður, en fari pöntun yfir 16 þúsund krónur er fri heimsending um allt land. Fyrir minni pantanir er lágt sendingargjald, 2.150 krónur.

Á Múlalundi er sífelld leit að nýrri verkefna svo skjóta megi fleiri og styrkari stöðum undir reksturinn.

Virkir á vinnumarkaði

Á Múlalundi er aðstaða til að taka á móti mun fleira starfsfólki en forsenda fjölgunar er aukin viðskipti og verkefni. „Þetta er hörkuduglegt fólk og það þarf að hafa nóg að gera. Vinnudagur og verkefni eru löguð að getu hvers og eins.

Nýjar og enn umhverfisvænni Egla-möppur styðja við starfsemi Múlalundar og tryggja að í fyrirtækjum sé „röð og regla með Egla“, eins og við segjum á Múlalundi, í góðri sátt við umhverfið,“ segir Sigurður ánægður.

Múlalundur vinnustofa SÍBS er við Reykjalund í Mosfellsbæ. Sími 562 8500 netfang mulalundur@mulalundur.is. Sjá nánar á mulalundur.is



Múlalundur tekur að sér fjölbreytt verkefni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Enn umhverfisvænni kostur en eldri gerðin.

lýsingar á Egla-möppurnar, sem skapar enn meiri vinnu á Múlalundi.

„Töluvert margar stofnanir og fyrirtæki nýta sér þetta. Með því auka þær upplýsingaöryggi, því þá er skýrt ef mappa frá þeim er komin þangað sem hún á ekki að vera. Merkingarnar eru fallegar og möppur oft áletraðar útlitsins vegna.

Sumir viðskiptavinir láta gera

eigin kjölmiða og setja þannig sinn svip á rýmið sem mappan er í,“ bætir Sigurður við.

Box í sama útliti fyrir allt hitt

Hluti af Egla-línunni eru svokölluð timaritabox, sem hægt er að nota undir skýrslur og önnur gögn sem ekki er hægt að gata og setja inn í möppu. Kjölurinn á þeim litur út eins og Egla-mappa og því verða hillur mjög snyrtilegar þegar einungis sést í kilina og engar lausar skýrslur eru á við og dreif um hillurnar.

Hefðbundnar Egla-möppur má einnig fá minni, fyrir A5 gögn bæði standandi og liggjandi, og fleiri stærðir. Þá býður Múlalundur gata-

poka sem passa í allar möppurnar svo vel fari um gögnin.

Gott fyrir umhverfið

Múlalundur framleiðir fjölbreyttar vörur, þ.m.t. möppur af öllum stærðum og gerðum, plastmöppur í skóla auk þess að selja allar skrifstofuvörur sem fyrirtæki þurfa á einum stað, þar með talið penna, fundarbækur, dagbækur og margt fleira.

Undanfarin misseri hefur verið unnið að umhverfismálum á Múlalundi. Plastið sem Múlalundur notar í möppur, plastvasa, barmmerki og fleira er evrópskt plast sem er vottað og skráð í evrópska gagnagrunna. Það tryggir að öll



nav í áskrift

Viðskiptalausnir 1

- ✓ Fjárhagsbókhald
- ✓ Viðskiptavina- og lánardrottnakerfi
- ✓ Innkaupakerfi
- ✓ Sölu- og birgðakerfi
- ✓ Eignakerfi
- ✓ Verkbókhald

Ótakmarkaður fjöldi fyrirtækja
Reglulegar uppfærslur
Enginn stofnkostnaður

Wise sérlausnir:

- ✓ Rafræn VSK skil
- ✓ Rafræn sending reikninga
- ✓ Þjóðskrártenging

kr. **9.900** pr. mán.
án vsk

Viðskiptalausnir 2

Wise sérlausnir að viðbættri leið 1:

- ✓ Launakerfi
- ✓ Innheimtakerfi
- ✓ Bankasamskiptakerfi
- ✓ Rafræn móttaka reikninga

kr. **17.900** pr. mán.
án vsk

 Microsoft Azure

 Office 365

Fullbúin viðskiptalausn í áskrift - Microsoft Dynamics 365 Business Central

Wise býður eitt mest selda bókhaldskerfi landsins í mánaðarlegri áskrift - Microsoft Dynamics 365 Business Central

Fullbúið bókhaldskerfi, hýsing og afritun í Azure skýjaþjónustu Microsoft í áskrift ásamt sérlausnum frá Wise frá **kr. 9.900 á mánuði.**

Kynntu þér málið á **navaskrift.is**

Þjóðum einnig Office 365 í áskrift.

Krefjandi en spennandi starfsvettvangur

Bryndís Símonardóttir hefur verið búsett og starfað sem endurskoðandi í Danmörku síðastliðin tíu ár.

Hjördís Erna Þorgeirsdóttir
hjordiser@frettabladid.is



Það má í raun segja að það hafi verið tilviljun að ég starfa sem endurskoðandi í dag. Á síðustu önninni í viðskiptafræðinámínu var ég beðin um að koma í viðtal hjá endurskoðunar fyrirtæki, og ég ákvað að slá til,“ segir Bryndís, en hún starfar hjá alþjóðafyrirtækinu Deloitte.

Fram að því augnabliki hafði Bryndís talið ólíklegt að hún myndi leggja fyrir sig sömu starfsgrein og faðir hennar. En sjaldan fellur eplið langt frá eikinni. „Ég hafði fram að þeim tíma verið fullviss um að ég myndi ekki feta í fótspor föður míns sem endurskoðandi, en starfslýsingin heillaði og því ákvað ég að hefja störf hjá öðru endurskoðunar fyrirtæki til þess að kynnast starfinu betur áður en ég myndi taka ákvörðun um frekara nám.“

Fljótt kom í ljós að þetta átti vel við hana. „Eftir að hafa starfað

í faginu í nokkra mánuði var ég viss um að vettvangurinn hentaði mér og ég hef ekki séð eftir þeirri ákvörðun síðan.“

Náið samband milli náms og vinnumarkaðar

„Ég stundaði meistaranám í Háskólanum í Reykjavík, sem gaf einnig möguleika á að sinna störfum samhliða náminu.“ Bryndís segir tengslin milli námsins og vinnumarkaðarins hafa heillað. „Að mínu mati gerði þetta námið enn áhugaverðara þar sem reynsla frá vinnustaðnum og námið héldust vel í hendur.“ Hagnýtingin hafi þannig vegið upp á móti óneitanlegu erfiðleikastigi. „Að sjálfsögðu var þetta krefjandi á köflum, en miklu meira spennandi að geta tengt námið við það sem er í gangi hjá fyrirtækjunum og almennt í viðskiptalífínu.“

Nokkru eftir útskrift þreytti Bryndís löggildingarpróf en þau þykja sérlega umfangsmikil, enda miklar kröfur gerðar. „Árið eftir að ég lauk meistaranáminu tók ég löggildingarprófin í endurskoðun, sem eru 16 tíma próf tekin á tveimur dögum,“ útskýrir hún. „Þetta próf er að mörgu leyti samþættilt löggildingarprófunum á hinum Norðurlöndunum, og eru þekkt fyrir að vera krefjandi og stór áfangi að ljúka þeim.“

Þá voru viss skilyrði sem hún þurfti að uppfylla til þess að fá starfsleyfi í Danmörku. „Til þess að hljóta löggildingu í Danmörku er einnig munnlegt próf sem á



Bryndís Símonardóttir býr í Danmörku og starfar sem endurskoðandi hjá Deloitte.

að reyna á próftaka í krefjandi aðstæðum. Í mínu tilviki lauk ég munnlegu prófi með fókusi á danska löggjöf, m.a. ársreikninga- og skattalög.

Að sögn Bryndísar er starfið bæði fjölbætt og margbreytilegt. „Starfið sem endurskoðandi er gríðarlega fjölbreytt og er einnig misjafnt á milli endurskoðenda, allt frá bókhaldi, uppgjöri og skattaráðgjöf fyrir einstaklinga til endurskoðunar á stærri skráðum félögum.“ Meðal þess sem hún fæst við er ráðgjöf og eru skjólstaðingarnir oft í stærri kantinum. „Ég starfa við endurskoðun og ráðgjöf með áherslu á stærri félög og stofnanir í opinbera geiranum í Danmörku.“ Bryndís segir að vegna alþjóð-

legra staðla sé starfslýsing endurskoðandans oft áþekkt milli landa. „Við störfum eftir alþjóðlegum endurskoðunarstöðlum og endurskoðunaraðferðir eru því ekki ólíkar milli landa.“ Mismunandi áherslur í lagalegri umgjörð landa geti þó vissulega haft áhrif. „Hins vegar getur verið munur á lögum og reglum varðandi reikningsskil sem gilda í hverju landi, ef ekki er farið eftir alþjóðlegu reikningsskilastöðlunum.“

Þá séu vissir þættir á borð við fólksfjölda sem setji svip sinn á vinnustaði. „Starfsumhverfið er heldur ekki mjög ólíkt en að sjálfsögðu hefur stærðin og mismunandi menning áhrif á starfsumhverfið. Til að mynda erum

við rúmlega 1.500 starfsmenn á Kaupmannahafnarskrifstofunni hjá Deloitte, og fyrirtækin eru að sama skapi stærri en við erum vön á Íslandi,“ útskýrir Bryndís.

Framtíðin full af möguleikum

Bryndís segir starfið vera í mikilli framþróun. „Það er settur gríðarlega mikill mannaúdur í þróun á endurskoðunarverkfærum sem geta gefið betri innsýn í fyrirtækin á sama tíma og endurskoðunin verði betri og skilvirkari.“ Ýmsar tækninýjungar séu að verða fyrirferðarmeiri. „Það nýjasta er meðal annars að nýta sér vélfærafæði (e. robotics) og greiningaraðgerðir betur við endurskoðun ársreikninga.“

Bryndís segist hikaust mæla með námi af þessu tagi og segir það opna margar dyr á ólíkum sviðum. „Ég mæli klárlega með námi tengdu endurskoðun og reikningsskilum. Það eru gríðarlega margir möguleikar að loknu námi, og ekki einungis bundið við að starfa við endurskoðun þar sem námið gefur góða reynslu til að starfa í fjármála- og reikningsskiladeildum hjá öllum fyrirtækjum landsins.“

Bryndís, sem er núna í fæðingarárlofi með yngra barn sitt af tveimur, segist ætla að halda ótraud áfram á sömu braut að orlofi loknu. „Fram undan hjá mér er að vinna áfram í minni sérhæfingu í opinbera geiranum. Á sama tíma ætla ég að sýna það í verki að tveggja barna móðir geti vel skilað sínu starfi sem endurskoðandi í Danmörku.“

Einblíndu á það sem skiptir máli


Láttu fagfólk færa bókhaldið á meðan þú sinnir öðru

Fáðu okkur hjá KPMG til að færa bókhaldið því í nútímarekstri getur útivistun sérhæfðra verkefna bæði sparað tíma og peninga.

Við tökum einnig að okkur að reikna út laun þinna starfsmanna, því launavinnsla er oft viðkvæmur og flókinn þáttur í rekstrinum.

Kynntu þér málið á kpmg.is eða hafðu samband við Birnu Rannversdóttur í síma 545 6082.

KPMG





Hugbúnaðarlausnir fyrir verslun og þjónustu

Bókhaldskerfi | Birgðakerfi | Afgreiðslukerfi | Innkaupakerfi

dk hugbúnaður er eitt stæsta hugbúnaðarfyrirtæki landsins. Allt frá upphafi hefur dk viðskiptahugbúnaðurinn verið hjartað í starfsemi okkar. Hugbúnaðurinn er í dag leiðandi bókhalds- og viðskiptahugbúnaður fyrir minni og meðalstór fyrirtæki og þá hefur færst í vöxt að stór fyrirtæki séu farin að velja hugbúnaðinn fyrir sína starfsemi. Yfir 6.500 fyrirtæki nýta sér þjónustu dk hugbúnaðar í dag og yfir 4.500 fyrirtæki eru með bókhaldið í skýinu hjá dk. Hafið samband við okkur og fáið kynningu á þeim fjölbreyttu lausnum sem dk hugbúnaður hefur fyrir verslun og þjónustu.



Smáratorgi 3 | 201 Kópavogi | Hafnarstræti 53 | 600 Akureyri | 510 5800 | dk@dk.is | www.dk.is

Tölvupóststækni á snjallsímaöld

Endurskoðendur þurfa reglulega að koma flóknum upplýsingum til skila í tölvupósti, en margir lesa tölvupóst í snjallsímum, sem gerir lesskilning erfiðari. Mikilvægt er því að skrifa mjög skýrt.

Oddur Freyr Þorsteinsson
oddurfreyr@frettabladid.is



Viðskiptavinir endurskoðenda, rétt eins og allir aðrir, nota snjallsíma í síauknum mæli. Það skapar ný tækifæri til markaðssetningar en um leið áskoranir fyrir endurskoðendur, sem þurfa oft að veita flóknar upplýsingar í gegnum tölvupóst. Rithöfundurinn og markaðs- og samskiptasérfræðingurinn Anna Faherty er með góðar ráðleggingar fyrir þá sem vilja skrifa nógu skýrt til að flóknar upplýsingar komist líka til skila á litlum snjallsímaskjá og þær birtust nýlega á vefsíðunni Accountingweb.co.uk.

Endurskoðendur nota tölvupóstssamskipti að jafnaði mikið, enda duga þau mjög vel fyrir flestóll samskipti. Tölvupóstar eru líka sífellt meira notaðir til að koma nýjum upplýsingum um fyrirtæki á framfæri eða kynna og auglýsa þau.

Auglýsingaherferðir í gegnum tölvupóst og fréttabréf eru mjög áhrifarík töl fyrir mörg fyrirtæki, þar á meðal endurskoðunarstofur. Regluleg samskipti við viðskiptavinir í gegnum tölvupóstsendingar skila árangri. Samfélagsmiðlar,

vefsíður, blogg, snjallsímaforrit og fréttabréf eru iðulega nýtt vel af fyrirtækjum sem skara fram úr og það verður æ algengara að allt þetta efni sé skoðað í snjallsímum.

Leiðir til að vera skýrari

Það er því mikilvægt að sinna góðri upplýsingagjöf og hafa snjallsímanotendur í huga þegar texti er skrifaður fyrir viðskiptavinir, því þeir lesa textann ekki eins á síma og í borðtölvu. Mun minni skjár getur bæði skert athygli og skilning.

Hér eru nokkur ráð sem geta gert það mun auðveldara að koma flóknum upplýsingum til skila í gegnum tölvupóst. Þessar ráðleggingar geta ekki bara gagnast endurskoðendum, heldur eru þetta ágætis ritreglur sem geta nýst vel á ýmsum sviðum.

1. Notið skýra titla. Verið nákvæm, stuttur og skýr þannig að fólk sé til í að smella á póstin. Titillinn ætti að gera lesandanum grein fyrir því um hvað skilaboðin snúast og hvort einhverra aðgerða sé þörf.
2. Byrjið á aðalflugmyndunum. Oft sést bara efsti hluti tölvupóstins þegar hann er fyrst opnaður í síma og það er gott að



Æ fleiri skoða tölvupóst, fréttabréf, samfélagsmiðla og blogg í snjallsímum og það þarf að skrifa texta með þessa notendur í huga. NORDICPHOTOS/GETTY

láta aðalflugmyndirnar koma strax fram svo að lesandinn þurfi ekki að skruna niður í gegnum póstin til að átta sig á um hvað hann snýst. Svo geta smáatriðin fylgt í kjölfarið. Þannig getur viðtakandinn tekið ákvörðun hratt og auðveldlega um hvort hann vilji bregðast við póstinum strax eða láta það bíða betri tíma.

3. Notið millifyrirsagnir ef tölvupósturinn er langur. Þannig verður auðveldara fyrir viðskiptavinir að fara í gegnum póstin og finna þær upplýsingar sem skipta þá máli.

4. Hafið bæði setningar og efnisgreinar stuttar. Ef setningar eru of langar taka þær nokkrar línur af plássi á skjánum, sem gerir það erfiðara að lesa þær. Munið að setning sem virkar skýr á tölvuskjá getur verið yfirþyrmandi þegar hún er komin á snjallsímaskjá. Á sama hátt gera fleiri málsgreinar textann skýrari og minna fráhrindandi. Byrjið alltaf nýja málsgrein þegar skipt er um viðfangsefni.

5. Notið einföld hugtök eftir fremsta megni til að vera eins skýr og hægt er. Til eru rannsóknir sem sýna fram á að það

Endurskoðendur nota tölvupóstssamskipti að jafnaði mikið, enda duga þau mjög vel fyrir flestóll samskipti.

sé erfiðara að skilja flókinn texta þegar hann er lesinn í síma en á tölvuskjá. Fyrir því geta verið ýmsar ástæður, en ein er líklega sú að það er erfiðara að renna augunum fram og til baka yfir textann og skerpa á smáatriðum. Því er gott að taka sér tíma til að einfalda eftir besta megni, sérstaklega ef verið er að ræða ný hugtök sem lesandinn þekkir kannski ekki vel.

6. Síðasta ráðið er að gleyma ekki símanum. Það er oft betra að hringja í viðskiptavinir ef það þarf að ræða flókna hluti eða fá svar fljótt. Það skilar oft betri árangri á styttri tíma en tölvupósturinn.

Ný lausn fyrir lítil, vaxandi fyrirtæki

Quarter er ný tegund af heildarþjónustu á fjármálasviði. Fyrirtækið býður upp á sérsníðna lausn fyrir lítil en ört vaxandi fyrirtæki sem vilja hafa allt í 100 prósent lagi.

Þeir sem velja Quarter fá þjónustu sem jafngildir því að vera með fjármálastjóra og fjármáladeild í hlutastarfi. Því fylgja margir möguleikar eins og hraður svartími ásamt beinum aðgangi líkt og viðskiptavinurinn væri sjálfur með slíka deild,“ segir Erla Símonardóttir, eigandi Quarter. Erla hefur viðtæka reynslu af öllu sem viðkemur reikningshaldi, endurskoðun, áætlanagerð, uppgjörsvinnu, greiningum og fjármálastjórnun. Hún er með meistaraáráðu í endurskoðun og reikningsskilum frá Háskóla Íslands og vann í mörg ár hjá Deloitte við ýmis flókin verkefni. Þá starfaði hún einnig sem fjármálastjóri Búseta í nokkur ár og sem sérfræðingur hjá slitastjórn Kaupþings.

Erla segir að Quarter sé hugsað sem sérsníðin lausn fyrir lítil en ört vaxandi fyrirtæki sem vilja meira en hefðbundna bókhalds- og reikningsskilþjónustu og vilja hafa allt í 100% lagi. „Til dæmis gæti framkvæmdastjóri í litlu fyrirtæki viljað spara sér tíma með því að fá aðstoð við áætlanagerð, greiningar, stofnun fyrirtækja, val á fjárhagskerfum og uppsetningu þeirra, tengingu við kassakerfi, tiltekt í eldra bókhaldi, ráðgjöf um fjármögnun og samskipti við fjármálastofnanir vegna slíks. Stefna okkar er í raun að vera „one stop shop“ varðandi allt sem viðkemur



Erla Símonardóttir hefur mikla reynslu á sínu sviði. Hún er eigandi Quarter.

FRÉTTABLAÐIÐ/
ANTON BRINK

fjármálum litilla, ört vaxandi fyrirtækja.“

Erla segist bjóða upp á persónulega þjónustu og hún sé alltaf helsti tengiliður allra viðskiptavina varðandi öll mál. „Stundum koma aðrir sérfræðingar að þjónustunni,“ segir hún, „en ég kynnist hverju og einu fyrirtæki og sérþörfum þess, og ætlunin er alltaf að stofna til langtímasambands.“

„Við leggjum mikið upp úr því að spara viðskiptavinum tíma og auka skilvirkni. Til dæmis með því að kenna þeim aðferðir sem seinna spara tíma í bókhaldsvinnu, minnka skutl og annað óþarfa vesen eins mikið og hægt er, og veita aukinn beinan aðgang

ad bókhaldsupplýsingum og sjálfvirkum skýrslum með því að nota nýjustu fjárhagskerfi. Á heildina litið gerum við allt sem hægt er til að fjármál fyrirtækja í viðskiptum hjá okkur verði eins litið vesen fyrir stjórnendur þeirra og hægt er,“ upplýsir Erla og bætir við að markmiðið sé að vera reglulega með ókeypis námskeið og ráðgjafartíma á netinu. Fyrir þá sem vilja fylgjast með er gott að fara inn á heimasíðu Quarter og skrá sig á póstlistann.

Nánari upplýsingar á heimasíðunni www.quarter.is eða koma við á skrifstofunni í Kringlunni 1.

EINFALT - AUÐVELT - ÖRUGGT

NETBÓKHALD.IS

FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR
EKKERT STOFNGJALD

netbokhald.is

WWW.NETBOKHALD.IS



Ingvaldur Thor Einarsson er framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi. Hann segir bókhaldskerfi aldrei hafa verið ódýrara og hægt er að ná fram gríðarlegri hagræðingu með Uniconta. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Framtíðararbókhald Uniconta

Það hefur aldrei verið einfaldara og ódýrara að skipta um bókhaldskerfi.

Uniconta er sambland af nýjustu tækni og áratuga reynslu. Því er útkoman eitt hraðasta, einfaldasta og hagkvæmasta bókhaldskerfi veraldar,“ segir Ingvaldur Thor Einarsson, framkvæmdastjóri Uniconta á Íslandi.

Uniconta er sjötta bókhaldskerfið úr smiðju Danans Eriks Damgaard sem oft hefur verið nefndur konungur bókhaldskerfanna. Uniconta kom fyrst á markað árið 2016 og hefur farið sigurför um heiminn síðan þá.

„Erik hefur haft yfir þrjátíu ár til að hanna hið fullkomna bókhaldskerfi. Hann er maðurinn á bak við Concorde XAL og Axapta en það síðarnefnda er flaggskip hugbúnaðarrisans Microsoft,“ útskýrir Ingvaldur.

„Eftir að Erik lét af störfum hjá Microsoft sá hann að með nýrri tækni myndi skapast sóknarfæri á bókhaldsmarkaði og hóf þróun á Uniconta. Það byggir á gömlum gildum en keyrir á nýjustu tækni. Önnur kerfi komast ekki með tærnar þar sem Uniconta er með hælana þegar kemur að virkni og hraða. Kerfið er skýjalausn þar sem öll gögn eru vistuð í ISO-vottuðu skýjaumhverfi en notandinn vinnur með gögnin í gegnum hugbúnað eða smáforrit á tölvu eða snjalltæki,“ upplýsir Ingvaldur um Uniconta sem er einstaklega notendavænt og getur sparað notendum hundruð vinnustunda á ári.

Við ætlum okkur ekki aðeins að lækka kostnað fyrirtækja við áskrift og innleiðingu viðskiptalausna heldur viljum við líka hjálpa þeim að spara dýrmætan tíma starfsmanna.

Ingvaldur Thor Einarsson

Kerfi sem hægt er að laga að þörfum hvers og eins

Uniconta inniheldur fjölmargar kerfiseiningar og uppfyllir þannig kröfur fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum. Í grunninn er Uniconta fjárhagsbókhaldskerfi en við það bætast viðskipta- og lánardrottnakerfi, eignakerfi, birgða-, framleiðslu- og vörustjórnunarkerfi, verkþáttakerfi og tímaskráningar-kerfi, innheimtakerfi og CRM. Grunnáskrift að kerfinu inniheldur fjárhags-, birgða-, lánardrottna- og viðskiptavinakerfi með sölureikningum og svo er kerfiseiningum bætt við eftir þörfum. Einfalt er svo að tengja önnur kerfi við Uniconta.

„Uniconta er frábær valkostur fyrir íslensk fyrirtæki, það eykur skilvirkni í rekstri og bætir yfirsýn,“ segir Ingvaldur. „Auðvelt er að flytja bókhaldsgögn úr eldri kerfum yfir í Uniconta sem gerir innleiðingu einfaldari og ódýrari en áður hefur þekkt. Kerfið hentar breiðum hópi viðskiptavina en á meðal fyrirtækja sem nota Uniconta sem heildarlausn í rekstri sinum eru fyrirtæki í smásölu og heildsölu, framleiðslufyrirtæki, ferðaþjónustufyrirtæki, fasteignafélög, félagsamtök, bókhaldsstofur og verktafyrirtæki, svo eitthvað sé nefnt. Þarfir fyrirtækja eru afar

ólíkar en Uniconta mætir þeim öllum með skilvirkum hætti,“ segir Ingvaldur.

Uniconta byggir á nýjustu tækni frá Microsoft og forritaskilum (API). Því er einfalt að láta gögn flæða á milli Uniconta annars vegar og til dæmis launakerfa, vefverslana og bókhaldskerfa hins vegar.

„Uniconta sem skýjalausn skilar gögnum mun hraðar en bókhaldskerfi sem eru á gagnþjónum fyrirtækja. Gögnum er þjappað á snilldarlegan hátt þegar þau eru sótt eða send í skýið. Þá er mjög fljótlegt að setja upp gagnvirka tengingu, til dæmis í Excel sem keyrir á raungögnum úr Uniconta, og í dag eru á annað hundruð lausnir sem bjóða upp á fullkomna samþáttun við Uniconta,“ upplýsir Ingvaldur.

Fullkomið bókhaldskerfi frá 2.995 krónum á mánuði

Ingvaldur segir stóra ákvörðun fyrir fyrirtæki að skipta um bókhaldskerfi enda hefur það til þessa reynst mörgum flókið, seinlegt og kostnaðarsamt.

„Það þarf þó engum að vaxa í augum að innleiða Uniconta. Það tekur frá einni klukkustund fyrir minni fyrirtæki upp í faeinar vikur fyrir stórfyrirtæki þar sem ráðgjafar frá okkur eða samstarfsaðilum okkar vinna með fyrirtækinu. Þá er farið yfir alla ferla og kerfið lagað að ferlunum, sem er töluverður munur frá stærri bókhaldskerfum þar sem innleiðing getur tekið frá þremur mánuðum upp í heilt ár, og kostnaður í samræmi við það.“

Uniconta er hugbúnaðarlausn í áskrift þar sem lægsta mánaðargjald er 2.995 krónur án virðisaukaskatts, en sú áskrift hentar einryrkjum og aðilum í einföldum rekstri. Fyrir stærri félög með um 100 notendur er áskriftargjaldið 7.995 á notanda en þá eru allar kerfiseiningar innifaldar.

Ljóslestur fylgiskjala

Með ljóslestri fylgiskjala (OCR) verður innsláttarvinna að mestu sjálfvirk. Taka má mynd af fylgiskjali eða áframsenda fylgiskjöl, til dæmis á pdf- eða jpg-formi, inn í kerfið.

„Gervigreind sér svo um að lesa inn upplýsingar af fylgiskjalinu, stofna lánardrottna, færa inn reikningsnúmer, dagsetningar, fjárhæðir og greiðsluskilmála. Þannig hverfur handavinnan og hætta á innsláttarmistökum. Fylgiskjalið er vistað í kerfinu, tengist öllum færslum og hægt að kalla það fram með skjótum og öruggum hætti án þess að þurfa að bláða í gegnum bréfabindi,“ útskýrir Ingvaldur.

„Bókhaldskerfi hefur aldrei verið ódýrara. Viðskiptavinir sem skipta yfir í Uniconta ná að jafnaði fram 50 prósent sparnaði í rekstrar-kostnaði bókhaldskerfis og að auki ná fyrirtækin fram gríðarlegri hagræðingu með breyttu verklagi og aukinni sjálfvirkni. Við ætlum okkur ekki aðeins að lækka kostnað fyrirtækja við áskrift og innleiðingu viðskiptalausna heldur viljum við líka hjálpa þeim að spara dýrmætan tíma starfsmanna. Hjá meðalstóru fyrirtæki fara hundruð klukkustunda í innslátt og meðhöndlun fylgiskjala í hverjum mánuði en nú bjóðum við lausn sem les upplýsingar af fylgiskjöllum á stafrænu formi og færir inn í rétta reiti í kerfinu. Það sparar innslátt og fækkar mistökum,“ segir Ingvaldur um Uniconta sem er í stöðugri þróun. Í dag styður kerfið alla gjaldmiðla og les sjálfkrafa gengi á mörkuðum og gengismunarfærslur færast sjálfkrafa sem sparar mikla yfirlegu.

Frábærar viðtökur á Íslandi

Uniconta kom á markað á Íslandi í byrjun árs 2017 og var strax tekið fagnandi enda viðskiptalausn á heimsmælikvarða sem styður nú þegar 30 tungumál og alla gjaldmiðla.

„Fjöldi notenda hér á landi er kominn vel á annað þúsund og íslensk fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum nota nú Uniconta til að halda utan um fjármál, rekstur, birgðir, framleiðslu og verk,“ upplýsir Ingvaldur.

Uniconta er staðfært að íslenskum aðstæðum með tengingum við vefþjónustur RSK og banka, sendingu og móttöku rafrænna reikninga, auk EDI-samskipta fyrir smásölu- og heildsöluverslun.

Ingvaldur segir mörg íslensk fyrirtæki enn nota gömul eða úrelt bókhaldskerfi með tilheyrandi kostnaði og takmörkun á framleiðni.

„Mörg bókhaldskerfanna voru smiðuð á síðustu öld þegar tækniumhverfið var allt annað, og nettengingar hægar og dýrar. Þau kerfi byggja því á gamalli tækni sem verður víða að flöskuhálsi og notendur þurfa að vinna í gegnum fjarvinnsluviðmót sem var ásætlanlegt fyrir áratug en er ekki boðlegt í nútímaumhverfi,“ útskýrir Ingvaldur.

„Á hinum enda markaðarins eru svo stór kerfi, eins og Dynamics AX, sem einnig eru komin til ára sinna. Þau kerfi eru dýr í innleiðingu og uppfærslur dýrar og flöknar. Uniconta er hins vegar skýjalausn sem uppfærir sjálfkrafa og því skynsamlegasta lausnin fyrir íslensk fyrirtæki sem þurfa aldrei framar að ráðast í kostnaðarsamar uppfærslur.“

Uniconta Ísland er í Hlíðasmára 2. Netfang: uniconta@uniconta.is. Nánari upplýsingar á uniconta.is



Ávallt er nauðsynlegt að hafa yfirsýn yfir fjármál sín, skuldir og eignir.

Settu markmið

Þegar mánaðarleg greiðslugeta hefur verið áætluð þá er hægt að setja sér markmið. Markmiðin geta til dæmis snúið að því að eyða ekki umfram tiltekna fjárhæð í ákveðna útgjalda-liði eða að koma sér upp reglulegum sparnaði í ákveðnum tilgangi. Þetta kemur fram á heimasíðu Umboðsmanns skuldara.

Með markmiðssetningu er hægt að eiga fyrir þeim útgjöldum sem maður vill ekki sleppa á meðan sparað er á öðrum sviðum. Þegar markmiðið hefur verið sett þarf svo að ákveða hvenær staðan verði tekin aftur til að meta árangurinn.

Ef aukið svigrúm skapast má nýta það til að greiða inn á lán, greiða niður skammtímaskuldir eða leggja inn á sparnaðar-reikning. Með því að ráðstafa umfram fjármunum með þessum hætti erum við betur búin undir óvæntar aðstæður.



Endurskoðandi telur kindur.
NORDICPHOTOS/GETTY

Að telja kindur

Endurskoðendur eyða drjúgum hluta vinnudags síns í að vinna með tölur á einn eða annan hátt. Það er til brandari sem segir af endurskoðanda sem fór til læknis af því að hann gat ekki sofið. Læknirinn spurði hann hvort hann hefði prófað að telja kindur. Endurskoðandinn sagðist hafa reynt. Vandinn væri bara sá að ef hann gerði mistök eyddi hann mörgum klukkutímum í að reyna að finna þau.

En hvaðan kom hugmyndin um að telja kindur? Margir segja að það að þylja upp tölur endalaust sé svo leiðinlegt að það hljóti á endanum að svæfa fólk. Það er þó ekkert sem styður þá kenningu að það að telja kindur hjálpi fólk að sofna fyrr.

Rannsóknir sýna aftur á móti að það er mun gagnlegra að ímynda sér göngu í fallettu landslagi vilji maður sofna fljótt. Endurskoðandinn í sögunni gæti kannski frekar prófað það. Enda óþarfi að hugsa um tölur fyrir svefninn eftir að hafa unnið með þær allan daginn.

Bókhalds-boozt

Sтарf bókhaldarans getur verið ansi krefjandi og þá sérstaklega í glundroða ársskýrslna. A þeirri stundu getur verið freistandi að teygja sig í sælgæti eða aðrar sykraðar vörur en gallinn er sá að sú orka er skammvinn.

Því er þrælsniðugt að slá tvær eða jafnvel þrjár flugur í einu höggi og útbúa næringarríkan hristing (smoothie) sem er fljótlegur, gómsætur og fullur af meinhollum innihaldsefnum sem gera allar tölur skýrari.

1 banani

1 lítil eða ½ stór lárpera

½ mangó, annaðhvort ferskt eða frosið

1 bolli frosin blá- og jarðarber

1 bolli möndlu- eða haframjólki

1 matskeið hampfræ

Þá er sérlega gott að bæta við vanillu-dufti eða dropum

Öllu blandað saman og drukkið samhliða tarnavinnu í bókhaldinu þegar varla er hægt að líta upp en heilinn þarf áframhaldandi orku.



Þessi hristingur kemur sér vel þegar einbeitingar er þörf.



VR
FYRIRTÆKI
ÁRSINS
2019

Verðmæti

Hámarkaðu árangurinn þinn og verðmæti með því að nýta þér fjölbreytta þekkingu og víðtæka reynslu PwC á öllum sviðum rekstrar.

Hafðu samband því þinn árangur er mikils virði.



PwC | Sími 550 5300 | www.pwc.is

PwC á Íslandi er framsækið og traust fyrirtæki sem veitir sérfræðipjónustu á sviði fyrirtækja- skatta- og lögfræðiráðgjafar, endurskoðunar og reikningsskila. Fyrirtækið er íslenskt og er hluti af alþjóðlegu neti sjálfstæðra fyrirtækja sem aðstoðar viðskiptavinum sínum við að auka verðmæti, stjórna áhættu og bæta árangur sinn.

Reykjavík | Akureyri | Reykjanesbær | Húsavík | Selfoss | Hvolsvöllur | Vestmannaeyjar